

## **VI. Tillaga til 413. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 15. febrúar 2018**

Á 1005. fundi bæjarráðs, 12. febrúar sl., var formanni bæjarráðs falið að gera tillögu til bæjarstjórnar að ákvæði um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum.

Tillaga formanns bæjarráðs:

Ísafjarðarbær áskilur sér rétt til þess að skilyrða fjárveitingar til íþróttafélaga og annarra félagasamtaka sem bjóða upp á frístundaiðkun fyrir börn og unglinga, því að félögin setji sér siðareglur og viðbragðsáætlanir og fræði þjálfara/umsjónarfólk um ofbeldi, kynferðislega áreitni og kynferðisofbeldi. Einnig skulu sömu aðilar stofna óháð fagráð sem taki á mótí ábendingum og kvörtunum iðkenda. Einnig skulu þeir sem Ísafjarðarbær styrkir hafa jafnréttisáætlanir, sýna fram á að farið sé eftir þeim og að aðgerðaráætlun sé skýr. Ísafjarðarbær hefur eftirlit með því að fyrrgreind atriði séu uppfyllt.

Sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs er falið að upplýsa samningsaðila um skyldur skv. framangreindu og kalla eftir upplýsingum um áætlanir og verklagsreglur.